



Satt og ósatt

Rökleikur og heilabryjótur

Markmið

Að nemendur finni orði sem lýsi ímyndun og raunveruleika.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Engin.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Nemendur fá stuttan tíma í upphafi leiks til að semja tvær setningar um sig. Önnur setningin er sannleikur en hin setningin er lygi. Þessar setningar verða þeir að geyma hjá sér. Þegar leikurinn hefst setjast nemendur í hring og sá sem byrjar leikinn segir setningarnar tvær sem hann var búin að semja. Sá sem situr honum á vinstri hönd giskar á hvor setningin sé röng. Í framhaldi segir sá sem giskaði sínar setningar og svo koll af kolli þangað til að allir í hringnum hafa sagt sínar setningar.

Aðrar útfærslur

Í leiknum mætti nota fleiri en tvær setningar en jafnvel væri bara ein af þeim sönn.